



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
b.t. Sigurðar Inga Jóhannssonar ráðherra  
Sölvhólsgrata 7  
101 Reykjavík

Akranesi, 26.02.2019  
1807053 SFP/sas

**Efni: Ályktun bæjarstjórnar Akraness um umferðaröryggi í Hvalfjarðargöngum.**

Bæjarstjórn Akraness lýsir yfir verulegum áhyggjum af stöðu öryggismála í Hvalfjarðargöngum einungis örfáum mánuðum eftir að Vegagerðin tók við rekstrinum og mönnum vakt við göngin hefur verið lögð af.

Þann 12. febrúar síðastliðinn varð árekstur í Hvalfjarðargöngum þar sem ekið var aftan á kyrrstæðan bíl með þeim afleiðingum að tveir menn slösuðust. Í frétt Vísis frá 12. febrúar sl. og frétt Skessuhorns frá 20. febrúar sl. kemur fram að bíllinn sem ekið var á hafi verið kyrrstæður í 15-20 mínútur án þess að við því væri brugðist þar sem bíllinn var ekki sjáanlegur í myndavélakerfi ganganna. Þá hefur einnig komið fram að verulegar brotalamir voru í framkvæmd viðbragðsáætlunar í kjölfar árekstursins, t.d. var slökkvilið ekki kallað út með forgangi þrátt fyrir mögulega eld- og sprengihættu.

Með vísan til framangreinds krefst bæjarstjórn Akraness þess að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra setji umferðaröryggi í Hvalfjarðargöngum í forgang. Tekið verði að nýju upp mannað eftirlit við Hvalfjarðargöng og að viðbragðsáætlun vegna slysa verði tekin til gagnerrar endurskoðunar hið fyrsta.

*Ályktunin er send samgönguráðherra, umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, þingmönnum Norðvesturkjördæmis og Vegagerðinni.*

*Bára Daðadóttir*

Bára Daðadóttir

*Elsa Lára Arnardóttir*

Elsa Lára Arnardóttir

*Ólafur Adolfsson*

Ólafur Adolfsson

*Ragnar B. Sæmundsson*

Ragnar B. Sæmundsson

*Valgarður L. Jónsson*

Valgarður L. Jónsson

*Einar Brandsson*

Einar Brandsson

*Kristinn H. Sveinsson*

Kristinn Hallur Sveinsson

*Rakel Óskarsdóttir*

Rakel Óskarsdóttir

*Sandra M. Sigurjónsdóttir*

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir